

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar

I. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar og er sett samkvæmt heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

II. KAFLI

Hafnargjöld

2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

4. gr.

Lestargjöld

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 21,36 kr. á mælieiningu samkvæmt 2. gr. Undanþegin eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

5. gr.

Bryggju- og viðlegugjöld

Bryggjugjöld

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 10,68 kr. á mælieiningu fyrir skip að 15.000 brt, 13,44 kr. fyrir skip 15.000 til 30.000 brt. og 18,81 kr. fyrir skip 30.000 brt. og stærri fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald sem mánaðargjald. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Viðlegugjöld

Bátar undir 15 brt.	10.989 kr.	á mánuði
Bátar 15-30 brt.	16.833 kr.	á mánuði
Bátar yfir 30 brt.	24.325 kr.	á mánuði
Daggjald bátar undir 15 brt.	2.941 kr.	á dag
Daggjald bátar 15-30 brt.	3.007 kr.	á dag
Daggjald bátar yfir 30 brt.	3.101 kr.	á dag
Daggjald gestaskútu <10 m	5.000 kr.	á dag
Daggjald gestaskútu 10 m-20 m	10.000 kr.	á dag
Daggjald gestaskútu >20m	15.000 kr.	á dag
Skip yfir 80 brt.	217 kr.	á brt. á mánuði
Uppsátursgjald	3.494 kr.	á mánuði
Daggjald eldiskvía við bryggju eftir 2 daga	3.494 kr.	á dag
Hífling báta að 9 m	16.491 kr.	skipti
Hífling báta 9-12 m	21.775 kr.	skipti
Hífling báta +12 m	27.052 kr.	skipti

Skip sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip ekki í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn eða leggur ekki upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar. Bátar sem teknir eru upp á hafnarkant vegna viðgerða greiða daggjald fyrir þá daga sem báturinn er uppi.

6. gr.

Vörugjöld

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

- | | |
|---|------------------|
| 1. flokkur | 481 kr. á tonn |
| Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu. | |
| 2. flokkur | 792 kr. á tonn |
| Lýsi og fiskimjöl. | |
| 3. flokkur | 883 kr. á tonn |
| a) Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. | |
| b) Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf. | |
| c) Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi. | |
| d) Af vörum sem er landað og lestað með strandsiglingum greiðist aðeins helmingur vörugjalda í hverjum verðflokki. | |
| 4. flokkur | 2.228 kr. á tonn |
| Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. | |
| Hámarksgjald samkvæmt 4. flokki | 8.385 kr. |
| Lágmarksgjald í öllum flokkum | 907 kr. |

7. gr.

Aflagjöld

Aflagjald 1,58% skal reikna af heildarverðmæti sjávarafla, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdyr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Aflagjald skal greiða af sjávarafla sem lagður er á land eða í skip innan hafnasvæða til vinnslu eða brottflutnings.

Aflagjald af frystum afla frystitogara reiknast 0,79% af heildarverðmæti aflans.

Gjald af saltfiski reiknast m.v. tvöfalda þyngd afurða. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um keyptan afla og afurðir mánaðarlega, t.d. afrit af sölunótum eða þeim gögnum sem skylt er að skila til opinberra aðila.

Við sölu afla til skyldra aðila samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, skal miðað við ætlað aflaverðmæti. Ætlað aflaverðmæti er m.v. meðalverð hvernar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefið er af Verðlagsstofu

skiptaverðs. Seljanda afla til skyldra aðila ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um seldan afla mánaðarlega, t.d. afriti af aflaskýrslu til Fiskistofu.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

8. gr.

Eldisgjald

Eldisgjald af eldisfiski, þ.m.t. eldisseiðum, sem umskipað er, lestaður er eða losaður, skal reiknast 0,79% af heildarverðmæti aflans. Heildarverðmæti afla sem landað er úr fiskeldiskvíum skal miðast við meðalverð eldisfisks samkvæmt SISALMON vísitölunni á þeim tíma sem eldisfiski er landað til vinnslu og/eða slátrunar í viðkomandi höfn og skal meðalverð eldisfisks reiknað miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands hverju sinni samkvæmt g-lið 2. mgr. 17. gr. hafnalaga. Framleiðanda eldisfisks og þess aðila sem tekur við eldisfiski til vinnslu og/eða slátrunar er skylt að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um það magn sem landað er til slátrunar og er skylt að afhenda hafnarstjóra upplýsingarnar mánaðarlega. Berist hafnarstjóra ekki upplýsingar um magn eldisfisks eða ef hafnarstjóri telur ástæðu til getur hann hvenær sem er látið ákveða magn eldisfisks á þann hátt sem hann telur hentugast svo leggja megir á eldisgjald. Reynist magnið vera meira en upp er gefið greiðir framleiðandi eldisfisks mismuninn.

Eldisgjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Fiskeldisfyrirtæki er ábyrgt fyrir greiðslum til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á eldisgjaldi eigi sjaldnar en mánaðarlega.

9. gr.

Farpegagjöld

Fyrir hvern farþega með farþegabátum og skemmtiferðaskipum 235 kr.

Farpegagjald skal greiða af hverjum farþega ferðapjónustubáta og skemmtiferðaskipa. Gjaldið er kr. 235. Skipstjóri, umboðsmaður eða eigandi farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Skipstjórar, umboðsmenn eða eigendur þeirra báta sem stunda reglubundna farþegaflutninga skulu skila upplýsingum um farþegafjölda hverrar ferðar mánaðarlega og skal upplýsingum skilað eigi síðar en 3. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð. Skili ofangreindir aðilar ekki upplýsingum um farþegafjölda er heimilt að áætla fjölda farþega fyrir viðkomandi tímabil eða leggja á 25% álag ef skil á farþegatölum dragast umfram 20 daga.

10. gr.

Siglingavernd (ISPS)

Öryggisgjald fyrir skip sem falla undir skilgreiningu hafnverndar	62.544 kr.	á komu
Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í dagvinnu	7.411 kr.	á klst.
Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í yfirvinnu	12.007 kr.	á klst.
Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í stórhátíðarvinnu	15.897 kr.	á klst.
Farþegavernd, hver farþegi	317 kr.	á komu

11. gr.

Skemmtiferðaskip

Hafnir Ísafjarðarbæjar taka við bókunum þrjú ár fram í tímann, frá áramótum að telja.

Við afbókun á komu skemmtiferðaskipa gildir eftirfarandi:

- Við afbókun innan við 18 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 5% af bryggjugjöldum.

- Við afbókun innan við 12 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 15% af bryggjugjöldum.
- Við afbókun innan við 6 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 30% af bryggjugjöldum.
- Við afbókun innan við 48 klst. fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 100% af bryggjugjöldum.

Undanþegin er afbókun innan við 48 klst. fyrir áætlaðan komutíma vegna slæmra veðurskilyrða. Afbókunargjald leggst ekki á breytingar á dagsetningum og/eða skipum svo framarlega sem unnt er að verða við slíkri beiðni.

III. KAFLI

Þjónustugjaldskrá

12. gr.

Rafmagn

Rafmagnssala	23 kr.	á kWst.
Rafmagnstenglagjald fyrir flotbryggjur og trébryggjur 10-20 A	3.446 kr.	stk.
Rafmagnstengigjald 32-63 A	6.892 kr.	stk.
Rafmagnstenglagjald fyrir hafskipakant 125 A	12.771 kr.	stk.
Rafmagnstenglagjald fyrir hafskipakant 250 A	25.270 kr.	stk.
Rafmagn afgreitt utan reglubundins vinnutíma	45.329 kr.	hvert útkall

Bátar sem eru á föstu mánaðargjaldi skulu að lágmarki greiða 1 tengigjald í mánuði.

13. gr.

Hafnsaga

Hafnsögugjald	8,50 kr.	á brt.
Hafnsögugjald til og frá höfn	11.445 kr.	
Fyrir hverja byrjaða klst. á innri höfn	30.840 kr.	hver klst.
Fyrir eina ferð með hafnsögumann	64.285 kr.	
Fyrir hverja byrjaða klst. utan innri hafnar	64.285 kr.	hver klst.
Tímagjald hafnarstarfsmanns á lóðsbát	11.333 kr.	hver klst. á mann
Útkall utan tiltekins daglegs vinnutíma á lóðsbát	45.329 kr.	hvert útkall

Fyrir björgun, slef eða aðstoð við skip og báta samkvæmt samkomulagi SFS/tryggingafélaga

Hafnsögugjöld skulu greidd fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi 5.723 kr. fyrir hvert skip, auk 8,50 kr. á mælieiningu (mestu brúttóstærð). Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf hafnsögugjald.

Lágmarksgjald vegna hafnsögu skal þó aldrei vera lægra en 91.315 kr.

Skipum yfir 15.000 brt, olíuskipum og skipum með hættulegan farm er skylt að hafa dráttarbat til aðstoðar eða öryggis.

14. gr.

Leigugjöld

Leiga á gá mavöllum svæði A, mánaðargjald	116 kr.	hver fermetri
Leiga á gá mavöllum aðstaða við rafmagnsbrunna, mánaðargjald	262 kr.	hver fermetri
Hafnarbakkaleiga, daggjald	420 kr.	á tonn/rúmmetra
Stöðuleyfi vinnuskúra á hafnarssvæði, mánaðargjald	1.990 kr.	á fermetra
Leiga á lyftara með manni	15.572 kr.	á klst.
Leiga á flotgirðingu	13.441 kr.	á klst.
Leiga á öryggisgirðingu, mánaðargjald	3.096 kr.	eining
Fríholt, hverjar byrjaðar 24 klst.	68.250 kr.	eining
Söluhús, leiga maí - september	58.500 kr.	hver mánuður

Bílastæði, leiga maí – september	36.120 kr.	hver mánuður
Bílastæði, leiga október – apríl	17.000 kr.	hver mánuður
Landgangur yfir 14 m, uppsetning og frágangur	287.154 kr.	hvert skipti
Leiga á landgangi yfir 14 m, daggjald	122.902 kr.	daggjald

Einungis er heimilt að hafa gáma sem eru í beinum tengslum við fermingu eða affermingu úr skipum. Gáma og annan varning skal fjarlægja við fyrsta tækifæri þegar vinnu við skip er lokið en ef því verður ekki við komið skal óskað leyfis hjá höfninni.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Einnig er óheimilt að setja eða geyma alls konar varning sem ekki er að koma eða fara í skip á svæði hafnarinnar.

Hafnarstjóra er heimilt að láta fjarlægja varning þann sem settur er á hafnarsvæði á kostnað eiganda sé kröfu um hreinsun ekki sinnt.

15. gr.

Vatnsgjald

Vatn fyrir báta undir 15 brt.	2.070 kr.	á mánuði
Vatn fyrir báta 15-30 brt.	4.139 kr.	á mánuði
Kalt vatn afgreitt til skipa yfir 30 brt, lágmarksmagn 15 tonn	462 kr.	á rúmmetra
Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma	45.329 kr.	hvert útkall
Gjald fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma	11.333 kr.	hvert útkall

16. gr.

Móttaka skipa

Festargjald fyrir hvern starfsmann í dagvinnu	15.250 kr.
Festargjald fyrir hvern starfsmann í yfirvinnu	23.140 kr.
Festargjald fyrir hvern starfsmann í stórhátíðarvinnu	32.713 kr.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal að minnsta kosti einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

17. gr.

Gjöld fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs

Móttaka á sorpi ein ferð í sorpmóttökustöð	13.270 kr.
--	------------

Einnig skal greiða fyrir innvegið magn af sorpi samkvæmt gjaldskrá sorpmóttakanda.

- Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal greiða 0,92 kr. á brt. gjald sem skal standa undir kostnaði vegna eftirlitsumsýslu vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald 7.488 kr. og hámarksgjald 63.434 kr.
- Úrgangsgjald: Gjald sem er lagt á vegna a-liðar má lækka ef skipstjóri getur sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð í skipinu fast gjald 0,46 kr. á brt. en þá er lágmarksgjald 7.488 kr. og hámarksgjald 63.434 kr.
- Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á árinu greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og allar komur eftir það.
- Skip og bátar undir 15 brt. sem hafa varanlega viðveru í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 2.411 kr. á mánuði.
Skip og bátar yfir 15 brt. sem hafa varanlega viðveru í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 8.036 kr. á mánuði.
- Förgunargjald: Við komu skips til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir kostnaði við förgun úrgangs sem skilað er í land. Farþegaskip yfir 60 m að lengd skulu greiða 2 kr. á hvert brt. skipsins og miðast gjaldið við eftirfarandi sorpmagn:

Farpegaskip undir 30.000 brt. 5 m³
Farpegaskip frá 30.000 brt. 10 m³
Farpegaskip yfir 100.000 brt. 15 m³

Öll önnur skip skulu greiða 2 kr. á brt, og þá miðast gjaldið við 5 m³ af sorpi.

- f) Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald samkvæmt e.-lið endurgreitt enda skili það kvittun móttökuaðilans ásamt upplýsingum um losun magns. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist á skrifstofu hafna Ísafjarðarbæjar innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.
- g) Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum Ísafjarðarbæjar og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu Umhverfisstofnunar um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- h) Förgunargjald: Skip sem eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt c.-lið 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun og förgun sorps hvort sem óskað er eftir viðurkenndum móttökuaðila eða ekki.
- i) Fast mánaðargjald: Bátar og skip í fastri viðlegu sem greiða fast mánaðargjald skulu greiða að lágmarki eitt sorpeyðingargjald samkvæmt stærðarflokki fyrir hvern mánuð í viðlegu.
- j) Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

18. gr.

Vogargjöld

Almenn vigtun	281 kr.	á tonn
Vogargjald smábáta lágmarksgjald	1.022 kr.	á löndun
Flutningabílar og skoðun á bílavog	2.848 kr.	á skipti
Lágmarksgjald við vöruvigtun	2.009 kr.	á vigtun
Útkall í yfirvinnu frá kl. 17-20 og kl. 06-08, minnst 2 tímar	11.333 kr.	á klst.
Útkall í yfirvinnu frá kl. 20-06, minnst 4 tímar	11.333 kr.	á klst.

19. gr.

Önnur gjöld

Kranagjald, löndun með hafnarkrana	414 kr. á tonn
Úrtaksvigtunargjald fyrir löndun úr frystiskipum	207 kr. á tonn

20. gr.

Gjöld vegna mengunaróhappa

Mengunarvaldur skal greiða allan kostnað við hreinsun vegna mengunaróhappa samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

IV. KAFLI

Innheimta og greiðsla hafnargjalda

21. gr.

Innheimtufulltrúi Ísafjarðarbæjar sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

22. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Öll erlend skip sem koma til hafnarinnar skulu hafa innlendan umboðsmann sem er þá einnig ábyrgur fyrir öllum lögboðnum gjöldum og kostnaði sem til fellur vegna þeirra. Er skipstjóra

skýlt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

23. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu.

Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

24. gr.

Á verð samkvæmt verðskrá þessari, nema á farþegagjöld samkvæmt 7. gr. og þjónustu við erlend skip, er lagður 24% virðisaukaskattur, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

25. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

V. KAFLI

Gildistaka

26. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar er samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar á 263. fundi 26. ágúst 2025, samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004, og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 30. september 2025 til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 2026.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 30. september 2025.